

Fjarðabyggð  
Hafnargötu 2  
730 Reyðarfjörður


Reykjavík, 20. nóvember 2020  
UST202003-033/S.M.  
08.14.02

### Fyrirvaralaust eftirlit á urðunarstað Fjarðabyggðar


Þann 23. september sl. fór fram fyrirvaralaust eftirlit á urðunarstað Fjarðabyggðar í Þernunesi. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin frávik komu fram við eftirlit en ein ábending var sett fram. Útistandandi eru fimm frávik úr reglubundnu eftirlit sem fram fór 5. júní sl.

Virðingarfyllst,



Sigríður Magnúsdóttir

  
Gottskálk Friðgeirsson

Afrit:  
Heilbrigðisnefnd Austurlandssvæðis

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## Fjarðabyggð Þernunesi Þernunes



Dags eftirlits	24.9.2020	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Magnúsdóttir
Fyrirtæki	Fjarðabyggð Þernunesi	Eftirlitsmaður	
Heimili	Sorpstöð Fjarðarbyggðar	Tegund eftirlits	Fyrirvaralaust
Kennitala	4706982099	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Marinó Stefánsson	ÍSAT nr.	38.21.00
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	741265,622 507688,102

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram við eftirlit nú en útstandandi eru fimm frávik er komu fram við eftirlit 5. júní sl. og hefur rekstraraðili sent inn úrbótaáætlun vegna þeirra. Ein ábending var gerð er varðar stöðuna á urðunarstaðnum sem er afar slæm og er mikilvægt að rekstraraðili komi urðunarstaðnum í viðunandi horf hið fyrsta.

### UMFANG EFTIRLITS

Farið var í fyrirvaralaust eftirlit á urðunarstað Fjarðabyggðar í Þernunesi vegna þeirrar stöðu sem uppi var á urðunarstaðnum í reglubundnu eftirliti Umhverfisstofnunar sem fram fór 5. júní sl. Í eftirliti 5. júní sl. kom í ljós að umgengni á urðunarstaðnum var afar slæm og lítið skipulag á úrgangi og urðunarreinum. Finna mátti nokkuð magn af úrgangi sem ekki er leyfilegt að urða og daglegum frágangi mjög ábótavant. Við það eftirlit komu fram fimm frávik frá starfsleyfi er varða urðun hjólbarða og brotajárns, umgengni, móttöku úrgangs sem ekki samræmist móttökuskilyrðum, daglegan frágang og skil á skráningum.

Við eftirlit nú kom í ljós að staðan er sú sama og var við eftirlit í júní sl. Ástandið á urðunarstaðnum er mjög slæmt. Fundað var með rekstraraðila þann 30. september sl. þar sem honum var gert grein fyrir niðurstöðu úr fyrirvaralausum eftirliti. Fram kom á þeim fundi að rekstraraðili væri meðvitaður um stöðuna og vinna við að koma urðunarstaðnum í viðunandi horf myndi hefjast um næstu áramót. Úrbótaáætlun vegna frávikanna sem fram komu í fyrra eftirliti ársins var skilað 27. október sl.

### ÁBENDINGAR

Rekstraraðila er bent á að staðan á urðunarstaðnum er afar slæm og er mikilvægt að koma urðunarstaðnum í viðunandi horf hið fyrsta.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 20.11.2020

Sigríður Magnúsdóttir